

The Dominion Bank

WOMAN NORTH BANK AVE. AND
SHERBOURNE ST.

Kapítal, upph. \$ 5,000,000
Varasjóður \$ 7,700,000
Allar eignir, yfir \$120,000,000

Ótrústakt athygli veitt viðskiftum kaupmanna og verslunarátaka.

Sparisjóðsdeildin.

Vextir af innstæðum greiddir jafn háir og annarsstaðar víðsögð.

PHONE 4-2222.

P. B. TUCKER, Raðsmaður

Er kirkjan að tapa?

You are no longer asked to swallow the Bible's, whole whale, Jonah and all; you are simply required to believe in God and pay your pew rent.

—Ingersoll

"Parsons Dream," Boga Bjarna sonar, hefi eg lesið, og eg býst við að það sé í meðallagi sagt og hugað, því maðurinn er yel skýr. En það er ekki áform mitt að skrifa neinn ritdóm um bækling þennan; það er Lögberg og Sameiningin allaraðu búin að gera, og við það væri engu að bæta til hagsmuna fyrir bæklinginn. En hitt finnst mér ákaflega, voða lega einkennilegt, að Sameiningin, prestarnir og Lögberg skuli taka svona blóðnös, opnum örmum og sleikja út um og biðja um meira.

Eftir því sem eg skil þetta, þá tekur Sam. og Lögberg þessu fegins hendi sem áhrifamiklum snoppung á fólkið.

En Bogi er nú þar á undan með sinn söfnuð, að hann lætur þá þó koma til kirkju og vitja um þess, ar "hálfvolgu trúarvambir" sínar og er það meiri ræktarsemi en á sér stað í sumum söfnuðum, þar sem prestar tala yfir tónum sætum.

Svo segir Lögberg: "A sunnudögum kemur það til kirkju eftir alt og alt sem á-hefir gengið vikuna á undan, guðhrætt og með Krist á vörnum. En skilur eftir kristindóminn í kirkjunni þegar það fer."

Hvernig getur nú fólk komið til kirkju nema eftir alt og alt sem á undan er gengið, en það er upp til prestsins hvernig það fer þaðan; það er upp til hans hvort það fer með kristindómskenningar hans með sér, eða skilur þær eftir; það er hann sem á að upptendra svo ljós-trúarinnar og kristindómsins að það fylgi því hvert sem það fer; geti hann það ekki, þá mundi eg ráðleggja honum að segja af sér.

Mér finnst nú dæmið koma svoléiðis út að skellurinn sé á kirkjunni og prestana en ekki á fólkið; þeir prestar sem verða varir við svonalagada trúar tilbera í kirkjunum sínum, hvort heldur í vöku eða draumi, eru áhrifalausir og andlausir pókaprestar.

En eg skil ekki þessi veðrabrigði.

Fyrir nokkrum árum síðan hefði Sam. Lögberg og prestarnir og kirkjulegað bannfært þá menn sem hefðu greitt kirkjunni annan eins kinnhest og hér er um að ræða, en nú er þessu tekið sem nokkurskonar verðskuldaðri vandlætingu.

Er kirkjan að tapa?

Eru prestarnir að komast að raun um að fólkið sé að renna með einhverjum nýjum straumum og þeir séu að tapa tangarhaldinu á því. Er þeim sjálfum máske farið að væma við öllu því ósamræmi og ósannindum sem þeir hafa verið að mata fólkið á, ekki í neinum homopata skömtum, heldur í stórum hrossainntökum mannaaldur eftir mannsaldur, og vilji út fara að breyta til, flytja sig úr gamla tímanum yfir hinn nýja. (sbr. "Herhvöt" Sam. þ. 4.)

Eitt er víst að sumir prestarnir eru farnir að rýmka um og jafnvel falla úr og sumir farnir, að prédika eins og þeir haldar að fólkinu komi best, og eins og það vilji láta boða sér trúna, einn sunnudaginn ofurlitinn andatrúargraut með orthodox lútersku út á; næsta sunnudag lútersku og nýguðfræði; næst Unitarism; þar þarf ekkert út á, hann stendur einn. Eftir þessu að dæma er verið að búa til nýja trú fyrir fólk og fólkið að hafa áhrif á kristindóminn, en kristindómurinn ekki á fólkið.

Það er "Homebrew" í andlegum skilningi.

Gott og vel, það var við þessu að búa.

Kirkjan er að tapa.

Ritningin heldur ekki lengur fólkinu með neinum guðlegum eldöngum; það er farið að lesa hana og tala um hana sem hverja aðra manntilbúna flyk, en ekki sem innblásið og óskeikult guðs-ord, og prestarnir sjálfir prédika það sjálfir úr stólnum, að biblían sé ekki ábyggileg sem óskeikult guðs-ord.

Þetta segir Rev. R. Heber Newton (Episcopal): "The claim that the Bible is infallible is folly; that should be combated."

It is a shame and disgrace to the Church that it is no farther advanced along the line of human progress. What a moral monster is the God of Calvinism.

How frightful beyond the dream of insanity is the vision of the orthodox Hell."

En hvar ætla þeir að finna grundvöllinn undir þennan nýja kristindóm eftir að fella ritninguna sem innblásið helgint, og heita samt Lúterskir eða hvað annað sem þeir kölluðu sig.

Sumir prestar eru farnir að láta í ljósi efa um guðdóm Krista, að hann hafi aðeins verið fullkomnari en aðrir menn. Gott, gullfögru kenning. En með henni hlýtur að falla endurlausnar kenningin, útskýfunarkenningin og altarsakramentið, og hvað er þá eftir handa þessum trúhneygða lýð; eingyðistru eða Unitarism?

Og það ætti að vera nóg.

Ég man altíð eftir írafárinu og ósköpunum þegar "Þýrnar" Þorst. Erlingssonar komu út í fyrsta skifti. Prestar og talsmenn kirkjunnar hefðu sókt Þorsteini ef þeir hefðu haft mátt til þess, af því þeir náttúrulega elskuðu óvini sína, eins og þeir kendu. En Þorsteini auðnaðist að lifa mörg ár eftir það, þó það væri ofstutt, og meira að segja að sjá suma af þeim sem dæmdu hann og skoðuðu anir hans hvað harðast, breyta stefnu í áttina til sinna skoðana. Og eftir önnur tuttugu til tuttugu og fimmm ár, þá kæmi mér ekki á óvart, þó spádómar frelsisskaldsins ógleymanlega rættust að fullu.

"Því kóngar að síðustu komast í mót og keisaranáblæjum falda og guðirnir reka sinn brothætta bát."

Á blindsker í hafdjúpi alda.

Kóngar eru þá og þegar koma í mót; þeir eru ekki orðirnir margir og ekki nema skuggi af því sem þeir voru á fyrri tíðum.

Keisarar eru þegar búnir að sauma sér náhjúpin, og kirkjan og prestarnir eru altíð að brjóta bátana sína við blindsker skilnings og þroskaðrar þekkingar.

J. B. Holm.

Stjórnarauði og upprisa.

I.

Norriastjórnin nú er fallin! Nokkuð lengi tórði hún — þó. Skyldi hún hafa hreinsað dallinn og hún um síðir fengið nóg? Einn var verstur á henni gallinn: Hún átti þi bót fyrir rifinn skó.

Otgjöldin nam ekki spara, út hún jóð á hendur tvær; hún hafði þjóna heilan akara, sem henni nokkuð virtist kær —



BARNAGULL.



Börðsgestir.

A einum stað, þar sem eg átti heima í Kaupmannahöfn, rak eg augun í það, að lítill fjöl eða börð var neigl ofan á skúrfjölna undir einum glugganum á öðru lofti beint á móti mér. Börðið var á stærð við litlið sykrukasalok og lítað grænt. Eg kom þangað um vorið og sá börðið þarna alt sumarið og gat ýmislegs til um notkun þess. En svo sá eg roekna konu sem oft sagð þar við gluggana með vinnu sína, láta blómpötu út á fjölna þegar regn var, til að vökva blómin sín, og hætti eg þá að hugsa um þetta.

En þegar frost kom og snjór um vetrinn, sé eg einn morgun, að konan lýtur þar út úr glugganum, og er að málja hveitibrauðsbíta milli fingranna og strá á börðið, en snjótiltingar margir sitja þar á skúrfjölni yfir glugganum og nokkrir á gluggunum í kring, auðsýjanlega til að biðja þess, að hendurnar færu inn og glugganum yrði lokað, og þegar það var gert, þutu þeir allir niður á börðið svo þykkt, að það varð alskipað. Það var svo sem auðsæð, að þetta var ekki fyrsta börðhald þeirra þarna. Og sama sjón sást þar á hverjum degi allan vetrinn þegar frost gengu og snjór.

Þetta verður þú að fá þér líka, hugaði eg með mér, og sama daginn smíkti eg mér einhverstaðar kassalok, á móta breitt og konan hafði, en drjúgum lengra. Eg neigdi á það ofurlitla bryggju, því að eg sá að hrjóta vildi stund um út af börðinu hjá þeim hinum megin; svo ætlaði eg einhvern tíma að líta mitt einhvern veginn, en aldrei varð þó úr því.

Eg festi börðið á gluggann hjá mér á sunnudagsmorgni og var þeim alla daginn, og gerði, minnir mig, litlið um daginn annað en gá út í gluggann, hvort nokkur titlingur kæmi í brauðmolana; sem stráð var þar fallga um alt börðið. Þetta var eins og ofurlitlið óráðablandin jólatilhlökkun hjá mér, sem sneygdi sér inn í alt sem eg hugaði og hafði átt um daginn. Eg sá að endbýlingar mínir voru að gefa því auga; hvort nokkur gestur gæmi í mola mína, og þegar fór að líða undir kveld og enginn fuglinn kom til mín, þó að þeir væru að flögta þar alt í kring, lá við að mér væri að sárna þetta, því að vel gat verið, að þeim einhverjum þar hinum megin þætti gaman að því, að eg sá það þarna yfir þessu til ó-

Og hana sugu bara — bara —

bara af því hún var svo fær!

II.

Aikins sagði: Þú átt að hanga, því ennþá koma kosningar, hallaðu þér hér á vanga, í hreyfingunum vertu snar, þorðir óþart láttu út ganga, þau leidda oft til blessunar.

Jón S. Pálsson

SKRITTLUR.

Sonur hjónanna kemur heim í fyrsta sinn, eftir að hafa verið í burtu um tíma á hærri skóla. Hann og faðir hans voru að ræða um ýms mállefni sem voru þá á dagskrá í heiminum. Það lítur út fyrir að feðgarnir hafi ekki verið allveg sammála um eitthvað, því alt í einu segir pílurinn: "Eg vona að þegar eg er orðinn eins gamall og þú ert nú að eg viti meira en þú."

"Eg skal gera betur," drengur minn, segir faðir hans. "Eg vona að þegar þú ert orðinn það, að þú geta verið líkir hver öðrum?"

rytja, og hefði ekki annað en þegar snjór er og kuldi, og oft er gremju fyrir branga mitt, að vera að sýnast meiri mannúðarvinur en þeir.

Mér var líka orðið órörra en eg lét á þessu. Þegar eg sá alt í einu rétt undir rökkrið, einhvern tíma þegar eg leit út, að einn titlingurinn sat á börðinu og átt þar rólegur með göðri lyst. Og þegar einn hafði árett þetta og orðið gott af, biðu hinir ekki lengur boðanna. Þó komu titlingalega fáir þá um kvöldið, en næsta dag létu þeir ekki standa á sér og engan frostdag þaðan af, þau ár sem eg var á þeim stað.

Eg var og dálítið hróðugur yfir því með sjálfum mér, að börð komu þar smám saman fyrir utan fleiri glugga, og ein kaupmannskona þar í götunni þakkaði mér fyrir það í búðinni með hálflegum orðum, að ólætin fyrir utan gluggann minn hefði lokað sig til að setja líka fjöl hjá sér, og það væri sú mesta skemtun, sem hún hefði nokkurntíma haft í hörkum og skammdugi, að horfa á börðsgesti sína þar á hverjum degi.

Eg skildi þetta vel, því að sjálfur þreyttist eg aldrei að horfa á þá hjá mér, og sérstaklega þótti mér gaman að því, þegar étis og áflogin voru sem mest á börðinu og molarnir duttu ofan, að sjá þá aðra koma þjótandi og gripa molana á lofti áður en þeir komu niður. Þetta bar svo magroft að, því að þeir léku það af list og vana, að rífa hver út úr öðrum og lentu við það í harðarinnu, en brauðmolinn datt ofan og var þá gripinn í fallinu, eins og getið var um.

Eg var eins og kaupmannskonan að því leyti, að eg saknaði börðsgesti minna þá daga sem jörð var auð og göðvörð, og þótti nærri því tömlegt inni þegar út á leið, og enginn kom á börðið og hálfkeið þó fyr: oft á morgnana, þegar eg var að láta út molana, að nú yði þetta ef til vild: síðasti dagurinn, sem þeir yrðu hirtir þann vetrinn.

Þetta var ein af skemtilegustu minningunum frá hafnarveru minni, og eftir að eg kom heim aftur hófum við verið að reyna að koma á samskonar matetöð hjá okkur á ýmsum stöðum, þar sem við höfum verið, en gengið slitroft, mest vegna umferðar, krakka og katta, altíðram að þessum síðustu vetrum. En þar sem við erum nú er alt komið í beztu lag, reyndar ekki á börði fyrir utan gluggann, heldur í garðinum bak við húsið.

Nú kemur hópurinn fljúgandi heim í garðinn á hverjum morgni

og hefur ekki annað en þegar snjór er og kuldi, og oft er strjálungur á vakkni hér í kring allan daginn á húsmæninum og gördunum.

I fyrstu sást hér litlið af snjótiltingum nema þegar hópur flaug hjá þó settist einn við og við á grjótgard, sem er þvers um bak við grasblettinn að húsbaki enda eru hús og mannaferð að kalla alt í kring. Það var því undir hæl inn lagt, hvort takast mundi að hæla fugla hingað.

Við lögðum til reynslu nokkuð stóran hlera á snjóinn og stráðum og má eg segja að einhverir vituðu þess þegar fyrsta daginn, en undir eins næstu dagana var hlerinn alsetinn og meira en það. Auk þess sem það var mönnum gleði að fuglaveðingarnir seltu og magrir fengi þar málsmat, þá þótti öllum þetta hífylapryði og er eins og okkur leyðist aldrei að horfa á þá.

Ekki hafa þeir þó sem spaklástasta þorðsiði, eða eru sem þrúðastir; þó er stjakar öðrum burt, þótt ekki sé ýkja margt, og lendir oft í harða áflogum. En ekki þurfa þeir lögreglu við eða sáttanefndar; þeir sýnast ekki vera langræknir; en nefin kroppa þar aftur í friði og bróðerni óðara en við er litlið.

A morgnana kringum kl. 8 er stráð á hlerann svo sem í hnefa sínum af grjónum eða sem því svarar af brauðmolum eða öðru þessháttar og mokað áður af hlerann ef á hann hefir drifið. Oft er þá enginn kominn en stundum þó eitthvert hrafl, en von bráðar kemur hópurinn og er eins og hver viti af öðrum eða hver segi öðrum til. A morgnana fer matgjöf in reyndar oftast fram í sama mund, svo þá er vandalaust að vera "stundvís", það er líka oft að bætt er við þá síðar, ef litlið er fyrir hendi að morgni eða fjöldinn var svo mikill að vandæð væri, að þeir "fengi hálfan kvíð", og það er undravæðast, að þótt ekkert kvik sjáist nokkursstaðar áður en út er látið, þá er að vörmu spori allur hópurinn kominn og alt uppþétt.

Oft setjast þeir á garðinn og girdingarnar og tista þar í sífellu, og bregst þá ekki, að þeir eru svangir og eru að kalla til matar; annars gera þeir þetta ekki. Matartíðist er nærri auðþekkt og alls ólíkt því, þegar þeir setjast til að minna á sólskinsvöldum á húsið og garðana og tista; það tíst líkist miklu meira söng, er þýðara og langdregnara og oft með "trill um".

Ásælnir eru börðsgestir þessir

ekki né ágengir, því að undir eins og á jörð sér eru þeir horfnir, og jafnvel þó jörð sé alsnjóá, hverfa þeir oft ef aðeins kemur frostleysudagur. Þeir ásselast menn auðsýjanlega ekki nema þeir séu neyddir til. En kynlegt er hve mismargir koma þótt hörkur sé og jörð og veður hin sömu. Þá geta komið annan daginn inn an við 20 ef til vill, en næsta dag yfir 50 eða svo, að ekki verði talið. Ökkur hefir og stundum furðað á, að ekki skuli komið, eða ekki flamað að af nógu er að taka. En hvort þeir finna það á sér eða ætlast á, að hér sé ekki matur fyrir fleiri en þetta, eða eitthvað annað veldur, skal eg láta ósagt, en undarlegt hefir okkur oft fundist þetta.

Oft höfum við verið að hugsa um það og skrafa, hvar þessir aumingjar væru á nóttunum, þegar eg var unglingur, sá eg einu sinni í hálfroknun smjótiling trila inn í holu eða glufu undir stórum steini, skámt fyrir ofan lambhús, sem eg var við; annar kom þangað á eftir og síðan tveir samman og settust þar að fjórir. Eg læddist litlu síðar til hlíðar við steininn og sá eg þar í glufunni gráa hrúgu, en ekki sá eg fuglaskil og virtust þeir grúfa sig eða skrífa sig saman og fela nef og fætur. Ekki hefi eg séð til náttastaðar þeirra fyrir né síðar. Gaman væri að menn gerðu Dýravinnunum viðbendingu um það, ef þeir yrðu eða hefðu orðið einhvers visari um náttból fugla okkar á vetrum.

Eg er alveg sannfærður um, að mestir fjöldi manna mundi láta út brauðmola eða grjónahnefa við og við til litlu vetragestanna okkar, ef mönnum að eins hugkvæmdist það. Kostnaðinn tel eg varla fyrir nokkurn mann, sem augun blakta annars í, því sjaldnast þarf að "gefa" nema dag og dag og mæggott ekki nema hálfra gjöf. Þaði veit eg að flestum mönnum og konum er það ánægja að friða þessa hungruðu aumingja, sem oft eru sármagrir; og svo munu þeir reyna, að þeir fá varla ódýrt og betri skemtun en að sjá þá koma og börða, og öll þeirra áflog, hopp og hí.

Það lifgar fátt og léttr betur skammdaginn en að líta út um gluggann frá vinnu sinni til börðsgestanna, og vanskæð, að menn geti haft annað fegurra fyrir börnum sínum, sem þau una við og hænast að.

Þorsteinn Erlingsson

— Dýravinnurinn

"Já, en eg er viss um að þetta er hans hattur."

Lögmaðurinn fletir svo upp svitaskinninu innan í hattinum, og horfir innan í hann um stund, og les svo með hægð "Robert" (Maðurinn hét Robert). "Voru þessi stafir í hattinum þegar þú fannst hann? Sástu þá með þínum eigin augum?"

"Já, herra."

"Og alt sem þú hefir sagt hér í dag er jafn satt og þetta?"

"Já, herra."

"Þá skaltu fara hédan burt úr vinnastúkunni samstundið."

"Herra dómari," sagði svo lögmaðurinn, "það eru engir stafir í hattinum."

Auðvitað var sá ákærði sýknaður.

Kona nokkur sem hafði verið að selja fisk, fór inn í strætisvagn með körfuna sína tóna á handleggnum, og var megn fiskilykt úr körfunni. Hún settist í autt sæti hjá ungum manni, sem auðsýjan-

lega taldi sig vera af heldra tagi. Hann dró óðara að sér frakkalöfin og lét í ljósi einlægán viðbjóð á sessunaut sínum. Konan sagði við hann undir eins:

"Eg býst við að yður hefði þótt þetta ef einhver "finn" maður hefði setið hjá yður?"

"Já, það hefði mér þótt," svaraði hann fljótt.

Eftir stundarþögn segir konan á aftur: "Já, mér hefði sannarlega þótt það líka."

Ungi maðurinn roðnaði og sáði ekki meira.

"Atkins!" sagði herforinginn önnur; "þú hefir ekki rakað þig í morgun."

"Nú, er eg ekki rakaður?" sagði Atkins forviða.

"Ónei, vist ertu það ekki, og eg vil fá að vita hvers vegna þú ert það ekki!"

"Já, nú er eg aldeilis forviða; við vorum, semsæ, margir að nota sama spegilinn, og eg hefi hlotið að raka einhvern annan mahn í misgripum."

— J. K. J.